Viðtökur ferðalanga hafa verið með eindæmum jákvæðar og ljóst að góður grundvöllur er fyrir áfangastað á hálendi Íslands. Sérstaklega er áhugavert að sjá hversu vel gestum líkar fjölbreytni í þjónustu. Mikil eftirspurn er eftir hágæðagistingu í Hamri-nýju hótélbyggingunni, en um leið er svefnpokagisting næstum uppseld yfir sumarið og 5-6000 manns gistu á tjaldsvæðinu. Allir þessir hópar ferðalanga heimsækja svo baðstaðinn og veitingastaðinn sem sló í gegn síðasta sumar með sínu

viðfræga vöflukaffi. Heilt yfir hefur verið mikil aukning í fjölda gesta á milli ára og er staðurinn að festast í sessi sem heilsársáfangastaður. Nýting gistingar hefur aukist um ríflega 30% á milli ára.

Það er mikilvægt að Kerlingarfjöll höfði til fjölbreyttra hópa ferðalanga, sem sýnir vel að innlendir og erlendir ferðalangar vilja að boðið sé uppá fjölbreytta þjónustu á hálendi Íslands.

Þá hafa fjölmörg námskeið og viðburðir verið haldin í Kerlingarfjölum í ár. Brúðkaup, árshátíðir, heilsuhelgi, skíðánámskeið og þá voru mörg hundruð sem tóku þátt í Kerlingarfjöll ULTRA, hlaupahátíð sem haldin var í júlí. Boðið var upp á nokkrar vegalengdir en þau allra hörðustu hlupu hringinn um fjöllin, tæplega 60 km leið. Ljóst er að þessi hátíð er komin til að vera.

Árið 2024 náði Highland Base Kerlingarfjöll miklum árangri í fjölmiðlum á alþjóðavettvangi. Hótelið birtist á fjölmörgum „Best New Hotels“ verðlaunalistum, þar á meðal hjá Travel + Leisure (US), Conde Nast Traveler (US + UK), AFAR (US), National Geographic Traveller (UK) og TIME (US). Hótelið var einnig til umfjöllunar í fjölmörgum greinum í virtum tímaritum og dagblöðum á lykilmörkuðum Kerlingarfjalla.

Fjölbreytt afþreying er í boði fyrir gesti Kerlingarfjalla. Á veturna er boðið upp á snjósleðaferðir, gönguferðir og stjörnuskoðun og á kvöldin er svokallaður húslestur þegar gestir eru fræddir um merki-lega sögu Kerlingarfjalla. Á sumrin er í boði gönguferð um nágrennið, heimsókn í Hveradali og rafhjólaferð um fjöllin svo eitthvað sé nefnt.

Nú í haust voru Kerlingarfjöll tilnefnd til Hönnunarverðlauna Íslands en í rökstuðningi dómnefndar segir: „Kerlingarfjöll Highland Base virkja möguleika sögufrægs útivistarsvæðis á spennandi hátt, með vel hannaðri aðstöðu og fjölbreyttri þjónustu og afþreyingu. Í Kerlingarfjölum er nú heilsársáfangastaður á miðhálendi Íslands, í stórbrotinni en viðkvæmri náttúru. Algild hönnun er í fyrirrúmi og við allar framkvæmdir, allt frá frumdrögum að smíðshöggi, hefur verið tekið tillit til friðlýsingar og jarðminja á svæðinu.

Bókanir næsta árs líta mjög vel út og ljóst er að Kerlingarfjöll eru að festa sig í sessi sem áhugaverður áfangastaður fyrir fjölbreytta hópa ferðalanga, jafnt sumar sem vetur.

Umfjallanir og viðurkenningar

Eftir öflugt fyrsta ár fór annað árið vel af



stað. Við tókum sérstaklega á móti 16 blaðamönnum og fjórum áhrifavöldum. Auk þess kom fjöldi áhrifa- valda á eigin vegum. Auk þess tókum við á móti hópum blaðamanna og áhrifavalda í samstarfi við þekkt fyrirtæki á Íslandi og erlendis.

Minnst var á Kerlingarfjöll 343 sinnum í erlendum miðlum á síðasta ári með 3,4 milljörðum flettinga. Flestar umfjallananna birtust í Bandaríkjunum eða um 234, en Bretland, Ástralía, Kanada og Þýskaland fylgdu þar á eftir. Líkt og á opunarárinu tókum við einnig á móti innlendum blaðamönnum sem og innlendum og erlendum áhrifavöldum sem deildu upplifun sinni af heimsókninni. Þess má geta að þegar Kerlingarfjöll ULTRA hlaupið var haldið í fyrsta skipti á síðastliðnu ári tóku yfir 200 hlauparar þátt. Þátttakendur og aðstandendur voru dugleg að deila upplifun sinni á samfélagsmiðlum og fékk því áfangastaðurinn mikla umfjöllun á þeim miðlum um mitt sumar.

Kerlingarfjöll fengu enn fremur nokkuð af verðlaunum og viðurkenningum á sínu öðru starfsári og var hótelið útnefnt besta nýja hótelið af Travel + Leisure, AFAR valdi það sem besta hótelið 2024 og Time útnefndi Kerlingarfjöll sem einn af mögnuðustu stöðum veraldar.

AFAR Best New Hotels 2024



Hoffell

Unnið er að undirbúningi víðtækrar uppbyggingar í faðmi jökla.

Mikil eftirspurn eftir gistingu og afþreyingu á suðausturhorni landsins sést vel í rekstri okkar í Hoffelli. Hluti af kaupum okkar á Hoffellslandinu felur í sér rekstur á um 20 herbergja gistiheimili ellefu mánuði á ári. Er svo komið að þúsundir gesta sækja heim heitu pottana að Hoffelli og nýting gistingar er í kringum 80% á ársgrundvelli.

Á árinu var endurbótum eldri aðstöðu í Hoffelli haldið áfram. Unnið hefur verið að umbótum á gistieiningum bæði að utan og innan og mun þeim framkvæmdum ljúka á vormánuðum. Þá er unnið að því að færa núverandi baðstað að gistiheimilinu og setja niður nýjar laugar, nýja búningsklefa og saunu. Mun upplifun gesta taka

stakkaskiptum, en þeir munu að lokinni uppbyggingu geta horft inn Hoffellsdal og að Hoffellsjökli úr laugum. Áætlað er að ný aðstaða að Hoffelli opni í júní 2025.

Áfram hefur einnig verið unnið að undirbúningi víðtækrar uppbyggingar að Hoffelli og Hoffellslóni, þar sem ráðgert er að opna baðstað við jökullónið og auka framboð gistingar í Hoffellsdal. Þróunarvinnu hefur verið haldið áfram með alþjóðlega verkfræði- og hönnunarfyrirtækinu Arup og eins hófst ferli skipulagsmála á haustmánuðum. Mikilvægt samráð við stofnanir og heimamenn er hafið og einn mjög fjölmennur íbúafundur var haldinn að Höfn þar sem fyrirhuguð uppbygging var kynnt.



Hrauneyjar

Vaxandi eftirspurn er eftir gistingu við anddyri hálendisins.

Rekstur Hálendismiðstöðvarinnar í Hrauneyjum gekk vel á síðasta ári. Áfram hefur verið unnið að endurbótum á húsnæðinu. Meðal annars hefur hluti herbergja verið endurnýjaður og verulegar breytingar hafa verið gerðar á veitingasölum, móttöku og öllum sameiginlegum rýmum. Veggir voru málaðir, ný húsgögn keypt, skipt um gólfefni og móttakan betrubætt. Þá var aðstaða starfsmanna bætt til mikilla muna.

Sala gistingar í Hrauneyjum er langmest á sumrin og frameftir hausti þegar ferðalangar komast inn í Landmannalaugar og yfir Sprengisand. Hrauneyjar eru hins vegar opnar allt árið og veita þannig mikilvæga

þjónustu til ferðafólks um hálendi Íslands. Eftirspurn er sífellt vaxandi og Hrauneyjar njóta góðs af auknum framkvæmdum á svæðinu. Ljóst er að staðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í uppbyggingu í Þjórsárdal. Þar munu verkamenn sækja þjónustu á framkvæmdatíma Rauðukamba í dalnum og svo hefur eftirspurn eftir gistingu og veitingum aukist mikið með auknum framkvæmdum Landsvirkjunar á vatnasvæði Þjórsár og Tungnár. Að sama skapi verða Hrauneyjar mikilvægur hluti af vöruframboði Þjórsárdalsins í heild þegar Fjallaböðin hefja starfsemi, bæði út frá auknum gistimöguleikum, en ekki síður á sviði afþreyingar og aðgengi að hálendinu.



Þjórsárdalur

Bláa Lónið stendur fyrir heildaruppbyggingu á verðmætu menningarsvæði.

Undirbúningur að opnun Fjallabaða og Gestastofu í Þjórsárdal hefur gengið vel á árinu. Hönnun bygginganna, samstarfsverkefni Hönnunardeildar Bláa Lónsins, Basalt Arkitekta og Design Group Italia, hefur sömuleiðis gengið mjög vel.

Á árinu verður lokið við að bora vinnsluholur fyrir heitt og kalt vatn. Í vor var hafist handa við jarðvegsframkvæmdir og síðla sumars hófst svo vinna við vegagerð á milli Fjallabaðanna og Gestastofu Þjórsárdals.



Ráðgert er að allir gestir Fjallabaða leggi sínum bifreiðum við Gestastofuna og verði ekið á milli áfangastaðanna á bifreiðum Fjallabaðanna. Þá voru í sumar reistar vinnubúðir við Fjallaböðin sem hýst geta allt að 40 verkamenn. Allur undirbúningur verksins miðar að því að hefja uppsteypu Fjallabaðanna næsta vor og að opna starfsemina tveimur árum síðar, um mitt ár 2028.

Undirbúningur Gestastofunnar við Selhöfða í Þjórsárdal gengur að sama skapi mjög vel. Hönnun byggingarinnar lýkur um áramót og ráðgert er að hefja jarðvegsframkvæmdir vorið 2025 en Gestastofan mun opna á sama tíma og Fjallaböðin. Heimild er fyrir byggingu tjaldsvæðis og allt að 50 smáhýsa á svæðinu við Gestastofuna og er hönnun hvoru tveggja á lokastigi. Með hágæðahótelinu við Fjallaböðin (Mountain Retreat), smáhýsum, tjaldsvæði og gistingu í Hrauneyjum hafa gestir Fjallabaðanna því fjölbreytta valkosti er kemur að gistingu á svæðinu. Í Gestastofunni verður móttaka Fjallabaðanna, veitingasala og kvikmyndasýning en tökur vegna hennar hófust síðasta sumar. Þá er verið að vinna að gagnvirkri upp lýsinga- og fræðslusýningu um Þjórsárdalinn og næsta nágrenni hans í samstarfi við Gagarín. Sú sýning nýtir efni úr Sögu



Þjórsárdals—bók sem Fjallaböðin höfðu frumkvæði um að yrði rituð og kemur út samhliða opnun Fjallabaðanna.

Ráðgert er að allt að 200 manns muni starfa við Fjallaböðin og Gestastofuna og mun stór hluti þess þurfa húsnæði. Fjallaböðin eru að vinna að undirbúningi byggingu íbúðarhúsnæðis í Árnesi sem er næsti byggðarkjarni við Fjallaböðin. Á næsta ári mun einnig rísa í Árnesi miðlægt þjónustuhús sem hýsa mun þvottahús og geymslur fyrir starfsemi í Þjórsárdal, Hrauneyjum og Kerlingarfjöllum. Það hús mun einnig verða nýtt á byggingartíma Fjallabaðanna.





Sjálfbærni

Umhverfis- og samfélagsmál eru órjúfan-
legur þáttur sjálfbærnivegferðar Bláa
Lónsins.

Fyrirtækið hefur frá upphafi skuldbund-
ið sig og axlað ábyrgð í umhverfis- og
samfélagsmálum sem endurspeglast í
sjálfbærnivegferð Bláa Lónsins. Mikil-
vægir áfangar og markmið fyrirtækisins
vísa veginn í átt að aukinni sjálfbærni. Á
þessu ári lagði Bláa Lónið ríka áherslu
á að bera kennsl á lykilhagsmunaaðila
hverrar rekstrareiningar til að öðlast betri
skilning á fjölbreyttum sjónarmiðum og
 tryggja frekari þróun. Hagaðilagreining
hefur verið unnin fyrir rekstur fyrirtækis-
ins í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare,
en nýjar rekstrareiningar eru enn í þróun.
Eftir umfangsmikla greiningu bar fyrir-
tækið kennsl á ýmsa þætti sem snúa að
sjálfbærni og forgangsraðaði þeim eftir
mikilvægi, bæði fyrir fyrirtækið og hags-
munaaðila. Einnig var ESG (umhverfislegir
og félagslegir þættir og stjórnarhættir)
áhættumat framkvæmt til að meta mögu-


legar áskoranir og tækifæri. Matið styður
við heildstæða nálgun í sjálfbærum rekstri
Bláa Lónsins. Gengið var lengra í endur-
skoðun og innleiðingu nýrra CSRD-krafna
og ESRS–staðla í skýrslu ársins 2024 til
að tryggja að skýrsla ársins 2025 verði í
fullu samræmi við þær kröfur sem íslensk
lög setja og tryggja að fyrirtækið verði vel
undirbúið fyrir framtíðarkröfur samhliða
frekari vexti félagsins.

Áfangar og markmið
Í rekstri fyrirtækisins eru áfangar og mark-
mið í ESG-málum mikilvægir mælikvarðar
til að fylgja stefnu fyrirtækisins, meta fram-
farir og tryggja ábyrgð. Sjálfbærnimarkmið
Bláa Lónsins styðja við reksturinn með
langtímamarkmið ESG að leiðarljósi, hvetja
til stöðugra umbóta og stuðla að gagnsæj-
um samskiptum við hagaðila.



Stoðir og áhersluatriði	Markmið 2024	Árangur 2024
(G) Sjálfbærniskýrsla · Samskipti · Fylgni	-ESRS fylgni	-Samþætt ESRS kröfur í gagnasöfnun
(G) Vottanir · ISO 9001/14001 /45001 · IST 85 Jafnlaunavottun · B Corp · Vakinn · COSMOS by Ecocert · Blue Flag	-Viðhalda vottunum og setja markmið til að bæta frammistöðu fyrirtækisins	-Öllum vottunum viðhaldið -Rýna umbætur í B Corp -Undirbúa fyrir Ecovadis
(S) Hagaðilar · Greina · Virkja · Fræða	-Endurmeta hagaðila með innleiðingu nýrra rekstrareininga	-Hagaðilagreining fyrir Bláa Lónið Ísland og Blue Lagoon Skincare -Hagaðilagreining fyrir Kerlingarfjöll hafin
(S) Stuðningur við samfélagið · Meðferð við psoriasis · Samfélagsstyrkir	-Innleiða samfélagssjóð fyrir allar rekstrar-einingar Bláa Lónsins	-Vegna jarðhræringa var þessu frestað en styrkir voru úthlutaðir til samfélagsverk-efna
(E) Hringrásarhagkerfi · Sjálfbær innkaup · Plastumbúðir	-Finna nýjar leiðir til að meta birgja	-Birgjamat með Ecovadis í skoðun og útfærslu -Lágu plastspori í upplifun gesta viðhaldið þrátt fyrir fækkun gesta
(E) Loftslagsbreytingar · Kolefnishlutleysi · Minnka kolefnisfótspor	-Minna en 10 gr. plast á hvern gest	-1.35 kg CO2eq losun á hvern gest -Markmið ekki náð vegna lokana og fækk-un gesta


Stoðir og áhersluatriði	Markmið 2025	Langtímamarkmið
(G) Sjálfbærniskýrsla · Samskipti · Fylgni	-Innleiða sjálfbærniskýrsluna í nýtt vefsvæði fyrirtækisins	Birta árlega sjálfbærniskýrslu til að miðla sjálfbærniaðferð Bláa Lónsins og gögnum í samræmi við alþjóðlegar kröfur
(G) Vottanir · ISO 9001/14001 /45001 · IST 85 Jafnlaunavottun · B Corp · Vakinn · COSMOS by Ecocert · Blue Flag	-Viðhalda vottunum -Innleiða B Corp markmið inn í aðgerðir -Klára Ecovadis vottun	Öðlast viðeigandi vottanir þriðja aðila til að staðfesta árangur og frammistöðu Bláa Lónsins
(S) Hagaðilar · Greina · Virkja · Fræða	-Klára hagaðilagreiningu fyrir Kerlingarfjöll -Útfæra hagaðilagreiningu fyrir nýjar rekstr-areiningar	Greina og virkja hóp hagaðila fyrir allar rekstrareiningar Bláa Lónsins
(S) Stuðningur við samfélagið · Meðferð við psoriasis · Samfélagsstyrkir	-Innleiða samfélagssjóð fyrir allar rekstrar-einingar Bláa Lónsins	Viðhalda samfélagsstuðningi í gegnum fjárframlög og samfélagsþjónustu fyrir allar rekstrareiningar Bláa Lónsins
(E) Hringrásarhagkerfi · Sjálfbær innkaup · Plastumbúðir	-Nýta Ecovadis til að meta helstu birgja -Viðhalda markmiði < 10 gr. á hvern gest	Lágmarka umhverfisfótspor Bláa Lónsins með stöðugum umbótum og hringrásar-hugsun
(E) Loftslagsbreytingar · Kolefnishlutleysi · Minnka kolefnisfótspor	-1.2 kg CO2eq losun á hvern gest -Innleiða langtímamarkmið til 2030 og 2040 -Vottaðar kolefniseiningar	Bláa Lónið í heild kolefnishlutlaust og einungis nýttar vottaðar kolefniseiningar



Leiðin til sjálfbærni

Ferðalag Bláa Lónsins í átt að sjálfbærni hefur einkennst af stöðugum framförum, nýsköpun og vilja fyrirtækisins til að gangast við þeirri ábyrgð sem fylgir ESG-mati. Með því að setja viðurkenndar vottanir í forgang hafa byggst upp innri ferlar og skipulagt stjórnunarkerfi. Vottuðum einingum er einnig ætlað til að upplýsa viðskiptavinum um árangur fyrirtækisins.

Kortlagning hagaðila



Lykilhagaðilar

Á þessu ári framkvæmdi CSR-nefnd Bláa Lónsins hagsmunaaðilagreiningu fyrir Blue Lagoon Iceland í Svartsengi og Blue Lagoon Skincare, á meðan framkvæmdir héldu áfram í Highland Base í Kerlingarfjölum og í höfuðstöðvum Bláa Lónsins í Urriðaholti. Þá er í vinnslu hagaðilagreining fyrir reksturinn í Kerlingarfjölum og höfuðstöðvar í Urriðaholti. Áætlað er að

samskonar mat fyrir Mountain Retreat, Hoffell, Hrauneyjar og Hótel Háland fari fram næstu ár og með frekari vexti félagsins. Öllum hagaðilum hefur verið skipt í vel skilgreinda hópa svo að tengsl þeirra við rekstrareiningar fyrirtækisins séu skýrar. Þetta er gert til að tryggja markvissa samvinnu og samræma sjálfbærnimarkmið fyrirtækisins.

2022-2024
Efnahagslegir þættir
Efnahagsleg frammistaða Óbein efnahagsleg áhrif á samfélagið Innkaup í nærsamfélaginu Jöfn samkeppni og gegn spillingu Skattlagning
Umhverfisþættir
Draga úr notkun á einnota plasti Innkaup og nýting auðlinda Orkunýtni Vatnsnotkun Áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika Losun og loftslagsbreytingar Endurvinnsla úrgangsefna Umhverfismat birgja
Samfélagsþættir
Fyrirtækjamenning Markaðssetning og merkingar Heilsa og öryggi starfsfólks og gesta Þjálfun og menntun Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri Mannréttindi Samfélagsstyrkir Félagslegt mat birgja Félagafrelsi og kjarasamningafrelsi Persónuvernd Barnaþrælkun eða nauðungarvinna Jafnræði

Mikilvægisgreining

Mikilvægisgreining er lykilhluti af ferlinu við að greina hvaða sjálfbærnimál skipta fyrirtæki og hagaðila þess mestu máli. Ferlið auðveldar forgangsröðun aðgerða og tryggir að auðlindir séu nýttar í þau verk-efni eða svæði sem skila mestum árangri. Með því að samræma stefnu fyrirtækisins væntingum hagaðila eykur það gagnsæi, byggir upp traust og styður við sjálfbæran vöxt.

Bláa Lónið framkvæmdi mikilvægisgreiningu í samræmi við kröfur CSRD og hagaðilagreiningar sínar. Úr varð skráning á lykilatriðum sem stuðla að markvissri gagnaöflun og forgangsröðun aðgerða til að bregðast við þekktum áhrifum, áhættum og tækifærum. Árið 2024 var þessum atriðum bætt á kerfisbundinn hátt við áhættuskrá fyrirtækisins og ábyrgð þeirra úthlutað á meðal stjórnenda félagsins. Jafnframt var unnin gagnvirk skýrsla til að framkvæma yfirgripsmeiri og samþættari greiningu á áhrifum, áhættum og tækifærum.



Böðin í Keringarfjöllum


ESG-áhættumat

Árið 2021 tók Bláa Lónið saman skrá yfir áhættur og tækifæri í samræmi við staðla ISO 9001, ISO 14001 og ISO 45001. Árið 2024 fór fyrirtækið í ítarlegt áhættumat á umhverfis- og félagsþáttum og stjórn-arháttum (ESG) til að greina áhættur og tækifæri, og samræmdi við áherslur og kröfur CSRD og staðla ESRS.

Samkvæmt ESRS stöðlum var niðurstöðu matsins bætt við gildandi áhættu- og tækifæraskrá fyrirtækisins, og úr varð heildstætt skjal sem nær utan um öll hugsanleg áhrif, áhættur og tækifæri (IRO). Þessi samþætting tryggir heildstæðari og víðtækari nálgun við áhættustjórnun en áður og nær utan um alla þá sjálfbærniþætti sem tengjast rekstrareiningum Bláa Lónsins.


Tvöföld mikilvægisgreining Bláa Lónsins nær yfir:

1. Efnisleg áhrif:
Áhrif fyrirtækisins á samfélagið og umhverfið, sem metin hafa verið og útlistuð í sjálfbærniskýrslum frá og með 2020. Notast er við staðla GRI og hagaðilagreiningu.



2. Fjárhagsleg áhrif:
Áhættur og tækifæri sem geta haft áhrif á fjárhagslega frammistöðu félagsins, rekstrarhagkvæmni, reglufylgni og stefnumarkmið. Þessi samþætta nálgun eykur hæfni Bláa Lónsins til að bregðast við ESG áskorunum á forvirkan hátt, efla verðmætasköpun og standa við skuldbindingar sínar varðandi sjálfbærni og væntingar hagaðila sinna.

Mikilvægisgreining ESRS staðla





Umhverfisleg áhrif

Fjölnýting auðlindastrauma í sátt við náttúru og samfélag er megináhersla Bláa Lónsins.

Sjálfbær nýting auðlinda og verndun umhverfis til að tryggja lífsgæði komandi kynslóða haldast í hendur við verðmætasköpun og sjálfbæra þróun Bláa Lónsins.

Bein tengsl manns og náttúru eru orðin sjaldgæf upplifun í annasömum hversdagsleika lífsins. Bláa Lónið skapar þessar tengingar með gæðaupplifun í faðmi einstakrar náttúru á Íslandi og með húðvörum um allan heim, sem innihalda náttúruleg efni svæðisins. Allt frá stofnun Bláa Lónsins hefur verið rík áhersla á fjölnýtingu auðlindastrauma og að draga úr sóun í rekstri félagsins. Visthringur jarðsjávar er einstakt dæmi um hvernig hægt er að fjöl- nýta auðlindastrauma á hagkvæman hátt

í sátt við samfélag og náttúru. Umhverfis- áhrif eru áhættumetin og vöktuð eftir mikilvægi í umhverfisstjórnunarkerfi félagsins til að lágmarka umhverfisspor þess á bæði nær- og fjærumhverfið. Í samræmi við breytingar í rekstri er umhverfisstjórnunarkerfinu stöðugt viðhaldið og það uppfært, auk þess sem það er vottað samkvæmt ISO 14001. Umhverfisáhrifavaldar eru kortlagðir og vaktaðir sérstaklega til að fylgjast með umhverfisspori félagsins. Markmið eru sett til að draga úr umhverfisáhrifum félagsins í samræmi við stefnu þess í umhverfis- og sjálfbærnimálum. Til að ná settum markmiðum eru umbótaverkefni skilgreind og innleidd í rekstrareiningar félagsins og fylgt eftir í stjórnkerfi þess.



Niðurstöður markmiða

Á árinu 2024 var farið í mörg umbótaverkefni í umhverfismálum til að viðhalda umhverfisstjórnunarkerfinu og lágmarka umhverfisáhrif félagsins.

Helstu áfangar sem náðust á árinu voru:

- ☒ Haldið var áfram að safna stigum í vegvísí B Corp til að tryggja áframhaldandi árangur í sjálfbærnivegferð félagsins.
- ☒ Tvöföld mikilvægisgreining var framkvæmd og aðlög- uð að rekstraráhættum félagsins. Áhættur úthlutaðar ábyrgðaraðilum og áhættuskráin framsett í Power BI skýrslu þannig að hún sé lifandi og ávallt aðgengileg.
- ☒ Kröfur ESRS samkvæmt CSRD voru innleiddar í gagnasöfnun fyrir sjálfbærniskýrslu félagsins og má finna í viðauka þessarar skýrslu.
- ☒ Fjárfest var í nýjum mælibúnaði til að fylgjast með loftgæðum bæði innandyrna og utandyrna á athafnarsvæði Bláa Lónsins í Svartsengi. Mælarnir mynda þétt net til að vakta loftgæði á svæðinu og mæla bæði brennisteins- vetni (H₂S) og brennisteinstvíoxíð (SO₂) og er vaktað allan sólarhringinn af öryggisvörðum fyrirtækisins.
- ☒ Umfang 3 var betur kortlagt í samræmi við Technical Guidance Greenhouse Gas Protocol. Unnið er í að finna viðeigandi kerfi sem getur tengst bókhaldskerfi félagsins til að ná utan um losun innkaupa félagsins með „spend method“.
- ☒ Umhverfisbókhaldið var aðlagð enn frekar að nýjum rekstrareiningum.
- ☒ Byrjað var á að útfæra langtímaáætlun fyrir samdrátt í losun GHL og kolefnisjöfnun til framtíðar. Markmiðið er að aðlaga langtímamarkmiðið að skuldbindingum Íslands við Parísarsamninginn undir Loftslagssam- ingi Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) og kaupa vottaðar kolefniseiningar.
- ☒ Hafist handa við að fá vottun Ecovadis.

Sum verkefni var ekki hægt að klára á árinu eins og lagt var upp með vegna jarðhræringa, eldgosa og lokana yfir árið. Þau verkefni sem enn eru talin vera umhverfislega mikilvæg fyrir félagið færast yfir á næsta ár.

Áherslur 2025

Í átt að kolefnishlutleysi

- ☐ Innleiða nýja langtíma áætlun fyrir kolefnislosun félagsins
- ☐ Innleiða kerfi til að ná utanum umfang 3 í heild sinni
- ☐ Kaup á vottuðum kolefniseiningum

Í átt að hringrásarhagkerfi


- ☐ Halda áfram að draga úr myndun úrgangs og hækka endurvinnsluhlutfall
- ☐ Bæta flæðimælingu jarðsjávar til að besta útskipti

Í átt að sjálfbærni


- ☐ Skilgreina samfélagssjóð sem nær til allra rekstrar- eininga félagsins og nærsamfélaga þess
- ☐ Útfæra og innleiða siðareglur birgja
- ☐ Fara í fleiri umbótaverkefni í samræmi við vegvísí B Corp
- ☐ Klára vottun Ecovadis og nýta við mat á birgjum

Þessum áherslum verður fylgt eftir út árið og verður árangur í umhverfismálum metinn út frá þeim.

Losun gróðurhúsalofttegunda



Áhrif nýrra rekstrareininga á kolefnisfótspor



2024

Aðgerðir í loftslagsmálum

Bláa Lónið leggur áherslu á umhverfisvæna upplifun í hönnun sinni með vellíðan og sjálfbærni að leiðarljósi.

Fyrirtækið hefur haldið utan um kolefnisbókhald sitt síðan 2015 og árið 2024 var heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá móðurfélagi Bláa Lónsins 1.476 tonn CO₂íg. Bláa Lónið leitar stöðugt nýrra leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sínum rekstri. Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins, þar með talin losun vegna raforku, varmaorku, eldsneytisnotkunar, kælimiðla, gasnotkunar, losunar vegna úrgangs, flugferða starfsfólks, rútuferða starfsfólks og flutning á vörum félagsins frá vöruhúsum erlendis heim að dyrum viðskiptavina. Kolefnisjöfnun vegna rekstrarárs 2024 verður þó endurskoðuð m.t.t. þróunar á langtímamarkmiði félagsins í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur. Það er stefna félagsins að tryggja að dregið verði markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda og að kolefnisjöfnun fari fram með vottuðum einingum. Samdráttur var í losun árin 2020 og 2021 vegna rekstrarfyrirkomulags og lokana tengdum heimsfaraldrinum. Aukna losun gróðurhúsalofttegunda árið 2023 má fyrst og fremst rekja til fjölgunar rekstrareininga inn í kolefnisbókhaldið, með tilkomu Kerlingarfjalla, Hrauneyja, Hótel Hálands, Hoffells og framkvæmda í Þjórsárdal. Aukning í umfangi 2 árið 2023 má rekja til

nýrra losunarstuðla frá Umhverfisstofnun. Sex eldgos og áframhaldandi jarðvirkni í Svartsengi ollu því að yfir árið 2024 var starfsemin lokuð um 20% ársins eða 71 dag í lóninu og 76 daga í hótélrekstri. Þetta hafði áhrif á rekstrartölur, sérstaklega hvað varðar veltu og gestafjölda, þar sem tóm hús þarf líka að kynda, viðhalda og sinna. Þessar rekstrartruflanir útskýra hækkun í losun á hvern gest og losun miðað við veltu.


Nýtt upplifunarsvæði og nýr skógur

46 hektara skógur í landi Skriðufells í Þjórsárdal var gróðursettur (um 122.000 tré) af Skógræktinni árið 2022, stutt frá uppbyggingu á nýju upplifunarsvæði, og mun skila af sér vottuðum kolefnisheimildum fyrir bæði framkvæmdir og rekstur í Þjórsárdal. Kolefnisheimildir skila sér á sama tíma og rekstur hefst þar. Áhersla er lögð á að lágmarka losun á framkvæmda-tíma og upplifunarsvæði hönnuð til að losun frá rekstri verði sem lægst. Skógræktin valdi samsetningu trjátegunda svo skógurinn falli sem best að umhverfinu á svæðinu og styðji við fjölbreytileika gróðurs og dýralífs.


Árið 2019 var gerður samningur við Kolvið varðandi plöntun trjáa til að kolefnisjafna rekstur fyrirtækisins.




Raforkunotkun



Heitavatnsnotkun



Notkun á jarðsjó



2024

Hringrásarhagkerfi

Bláa Lónið leggur ríka áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda, sem er fyrirtækinu og samfélaginu til góða. Einkunnarorð félagsins eru þau sömu og Auðlindagarðsins sem það tilheyrir eða „samfélag án sóunar“.

Auðlindagarðurinn er gott dæmi um fjölnýtingu auðlindastrauma, en þar eru auðlindir nýttar á skilvirkan hátt og sóun haldið í lágmarki. Úrgangsefni eru flokkuð og endurunnin á markvissan hátt til að skapa verðmæta auðlindastrauma fyrir aðra.

Mikill árangur hefur náðst hjá fyrirtækinu í hönnun hringrásarumbúða fyrir húðvörur úr umhverfisvænni hráefnum á borð við pappa, ál og gler í stað plasts. Allur pappír fyrirtækisins kemur nú frá ábyrgri skógrækt og er FSC vottaður.

Árið 2023 bauð Bláa Lónið á Íslandi upp á þá nýjung að hægt væri að kaupa áfyllingu á ýmsar húðvörur. Þetta var gert til að hvetja viðskiptavinum til að endurnýta umbúðir og draga úr sóun. Árið 2024 buðu tvær verslanir Bláa Lónsins upp á áfyllingu á húðvörum, í Kringlunni og Laugavegi 15.

Úrvinnsla úrgangs hjá Bláa Lóninu er framkvæmd í samræmi við markmið fyrirtækisins um hringrásarhagkerfi. Úrgangur er flokkaður í 13 flokka og er endurvinnsluhlutfall fyrirtækisins á síðustu tveimur árum 60%.


Vegna tækniframfara í tölvukerfum hefur þörfin fyrir pappírsprentun minnkað um 73% á A4 blöðum síðan 2018. Fyrirtækið styður við sjálfbæra skógrækt og sýnir það í verki með því að nota aðeins pappír sem er PEFC eða FSC vottaður.

Bláa Lónið býður nú eingöngu upp á pappapoka eða fjölnota poka, en áhersla er lögð á að draga úr óþarfa úrgangi. Fjölnota bómullarpokar eru hannaðir til að vera fjölnýttir og með endingu í huga. Þetta hvetur viðskiptavinum til að koma með sína eigin poka og nota þá oft en einu sinni.

Fyrirtækið hefur einnig gripið til aðgerða til að draga verulega úr plastnotkun sinni en frá og með 2019 hefur Bláa Lónið dregið úr plastfótspori gesta sinna um 88%. Þessi árangur náðist m.a. með því að skipta út einnota vörum fyrir fjölnota, eins og glösum og sandölum á upplifunarsvæðum, ásamt því að innleiða umhverfisvænni umbúðir fyrir mat og húðvörur. Samdráttur í plastnotkun er hluti af umhverfisstefnu fyrirtækisins. Í stefnunni eru að finna skýr markmið og verkefni sem hönnuð eru til að útrýma einnota plastnotkun gesta.

Áhersla Bláa Lónsins á að lágmarka einnota plast í upplifun gesta og fjölnýtingu auðlindastrauma hefur styrkt stöðu þess sem leiðandi fyrirtæki í umhverfismálum innan ferðapjónustu á Íslandi.

Úrgangsmál Bláa Lónsins 2024





Samfélagsleg
áhrif

Mannauður

Hjá Bláa Lóninu starfar fjölbreyttur og samhentur hópur sem tekur virkan þátt í að móta vinnustaðinn.



Fólkið okkar

Hér starfa framsæknir og skapandi einstaklingar frá 42 mismunandi þjóðernum sem sameinast í því að skapa ógleymanlegar minningar fyrir gesti og hvert annað, með áherslu á nýsköpun í þjónustu, hönnun, upplifun og vöruþróun. Sjálfbærni er rauði þráðurinn í okkar starfi, þar sem við nýtum krafta náttúrunnar til að bjóða gestum upplifanir og vörur sem næra bæði líkama og sál. Ávallt er leitast við að þróa og rækta veröld Bláa Lónsins í sátt við umhverfi og samfélag svo dvöl gestanna sé sem eftirminnilegust. Allt starfsfólk tekur virkan þátt í að viðhalda og móta þá sterku menningu og samheldni sem einkennir Bláa Lóns fjölskylduna. Þannig er tekist á við áskoranir og árangri fagnað saman. Bláa Lónið er afar stolt af starfsfólki sínu, þeim metnaði, þrautsegju og áræðni sem það sýnir í starfi, og þeim einstaka starfsanda sem ríkir á vinnustaðnum.

Í ljósi áskorana sem fylgdu jarðhræringum og eldgosum á Reykjanesi á liðnu ári var lögd sérstök áhersla á andlega heilsu starfsfólks. Vinnustaðagreiningar voru framkvæmdar mánaðarlega og brugðist var við niðurstöðum með það að markmiði að styðja sem best við starfsfólk og stjórnendur, veita þeim réttar og haldbærar upplýsingar og auka möguleika þeirra á aðstoð eða úrræðum sem þeim kynni að vanta. Niðurstöður um starfsánægju, traust og stolt starfsfólks Bláa Lónsins héldust stöðugar yfir árið sem endurspeglar þá sterku vinnustaðamenningu sem starfsfólkið skapar saman og þær markvissu aðgerðir sem hafa verið unnar til að styðja við andlega og líkamlega vellíðan.

Fjölbreytileiki og jöfnuður

Framúrskarandi þjónusta og frumkvæði næst þegar hæfileikar hvers og eins geta notið sín. Vinnustaðurinn skapar rými þannig að allir geti nýtt styrkleika sína og vinnur sífellt að

því að koma í veg fyrir hvers konar mismunun með því að fagna fjölbreytileikanum og stuðla að jafnrétti. Í ráðningum er leitast við að jafna kynjahlutföll ásamt því að ráða hæfustu einstaklingana hverju sinni. Bláa Lónið fékk fyrst jafnlaunavottun 2018 og var eitt af fyrstu stórfyrirtækjum á Íslandi til þess að hljóta jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85. Fyrirtækið fór í gegnum sína sjöundu úttekt á jafnlaunakerfinu á árinu og stóðst hana með glæsibrag og án frávika. Niðurstaða launagreiningarinnar var sú að kynbundinn launamunur hjá Bláa Lóninu er 1,1% karlmönnum í vil. Skýringarhlutfallið var 95,0% sem gefur til kynna að þær breytur sem lagðar eru til grundvallar við launaákvæðanir skýri raunverulega launamyndun í fyrirtækinu.

Á árinu hlotnaðist Bláa Lóninu sá heiður að taka á móti viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar. Verkefni Jafnvægisvogarinnar snúa að því að virkja íslenskt viðskiptalíf til að verða

að fyrirmynd jafnréttis fyrir aðrar þjóðir. Árlega veitir Jafnvægisvogin fyrirtækjum sem hafa náð markmiðum um jöfn tækifæri kynjanna viðurkenningar. Félagið er yfirmáta stolt af þessari viðurkenningu sem það hlýtur nú þriðja árið í röð. Jafnvægisvogin er ekki eingöngu staðfesting góðra verka heldur er hún einnig kraftmikil áminning um mikilvægi jafnra tækifæra. Hún hvetur fyrirtækið allt áfram til að halda fast í skuldbindingu sína um að stuðla að vinnustað þar sem öll hafa jöfn tækifæri til að blómstra.

Þjálfun og fræðsla

Árið 2024 minntu náttúruöflin okkur á mikilvægi þess að búa starfsfólk undir ófyrirséðar aðstæður. Þjálfun og fræðsla voru aðlöguð til að mæta nýjum áskorunum í takt við gildi og tilgang Bláa Lónsins sem leggja grunninn að öllum aðgerðum fyrirtækisins. Boðið var upp á upplýsandi fyrirlestra og fundi um jarðhræringar með aðstoð sérfræðinga sem og námskeið um



JAFNLAUNAVOTTUN
2025 - 2028



notkun gasmæla til að efla öryggi og traust starfsfólks. Lögð var áhersla á andlega vellíðan og haldin voru námskeið um leiðir til að takast á við óvissu, bæta svefn og setja mörk í samskiptum. Þessi námskeið voru í boði bæði sem staðkennsla og á rafrænu formi til að mæta fjölbreyttum þörfum starfsfólks. Áfram var lögð áhersla á símenntun starfsfólks til að viðhalda og uppfæra þekkingu, auka færni, styðja við vöxt þess og stuðla þannig að áframhaldandi framþróun. Fjöldi tíma í fræðslu voru alls 4.420, námskeið voru 164 og 1.840 skráningar í staðkennslu og rafrænni fræðslu. Öryggi er ávallt í forgangi. Því fá allir nýliðar öryggisfræðslu við upphaf starfs. Að auki er skyndihjálp námskeið skylda fyrir allt starfsfólk. Lokanir voru nýttar til að efla hæfni starfsfólks með krossþjálfun og vinnustofum til að styrkja bæði einstaklinga og teymi. Bláa Lónið leggur áherslu á að byggja upp öfluga leiðtoga og skiptir leiðtogþjálfun sköpum þegar kemur að því að efla ýmsa hæfni stjórnenda. Öll þrep stjórnenda tóku þátt í þjálfuninni. Náttúran kennir okkur að vera undirbúin, sveigjanleg og samheldin. Með fræðslu og þjálfun höldum við áfram að styrkja okkar fólk í samspili manns og náttúru, sem er grunngildi Bláa Lónsins.



4.420
Fjöldi tíma í fræðslu

164
Fjöldi námskeiða

1.840
Skráningar



Heilsa og vellíðan

Andleg og líkamleg heilsa er grundvöllur lífsgæða og vellíðunar. Bláa Lónið hefur ávallt haft þessa mannlegu þætti í forgangi, en í kjölfar atburðanna á Reykjanesi var lögð enn meiri áhersla á að styrkja þá. Starfsfólki með búsettu í Grindavík var tafarlaust boðin aðstoð við húsnæðisleit eftir rýmingu bæjarins og fyrirtækið útvegaði húsnæði í Reykjanesbæ og Reykjavík fyrir þau sem þurftu. Velferðartorg Bláa Lónsins var í framhaldi sett á laggirnar, þar sem starfsfólk hafði aðgang að fjölbreyttri sérfræðiþjónustu. Þar má nefna sálfræðinga, lækna, sjúkraþjálfara, svefnráðgjafa og aðra heilsueflandi sérfræðinga. Sérstök áhersla var lögð á að miðla traustum og áreiðanlegum upplýsingum reglulega til að tryggja að starfsfólk væri ávallt upplýst varðandi stöðu mála og áhrif náttúrunnar á nærumhverfið á vikulegum upplýsingafundum. Eins var lögð áhersla á samverustundir bæði innan og utan vinnutíma til að efla tengsl og styrkja liðsheimild. Á vinnutíma var boðið upp á heilsueflandi viðburði, svo sem hugleiðslu, jóga og fyrirlestira um jákvæða



sálfræði og þrautseigju. Starfsfólki stendur jafnframt til boða að bóka viðtöl hjá sálfræðingum og trúnaðarlækni, aðgangur að líkamsræktarstöðvum án endurgjalds, reglulegar heilsufarsskoðanir og bólu-setningar gegn influensu. Í samræmi við leiðarljós Bláa Lónsins, *Wellbeing for people and planet*, er vinnuumhverfið ávallt hannað með það að markmiði að stuðla að og efla heilsu starfsfólks. Með virku samtali við starfsfólkið er leiða stöðugt leitað til að bæta starfsumhverfi þess. Til að mynda var á árinu sett upp hvíldarrými fyrir starfsfólk þar sem færi gefst á að slaka á og endurheimta orku.

Vinnuumhverfi Bláa Lónsins er ávallt hannað með það að markmiði að stuðla að og efla heilsu og vellíðan starfsfólks.

Öryggismál

Öryggi gesta og starfsfólks eru alltaf í forgangi og kappkostað að draga lærdóm af allri reynslu.

Öryggismál í öndvegi

Í þeim krefjandi aðstæðum sem Bláa Lónið hefur starfað undanfarin misseri eru öryggismál lykilatriði. Bláa Lónið hefur frá fyrsta degi haft öryggismálin í öndvegi og kappkostar að því að gæta að öryggi starfsfólks og gesta.

Áttunda eldgosinu í Sundhnúksgígaröðinni er nýlokið og hefur hvert og eitt gos aukið skilning vísindamanna á hegðun jarðhræringanna en ekki síður bætt í þekkingarsarp starfsfólks Bláa Lónsins. Hvert og eitt gos hefur kennt okkur eitthvað nýtt og við höfum verið óhrædd við að bregðast við aðstæðum með því að breyta verklagi, kasta fyrir borð því sem ekki virkar og taka upp nýja verkhætti. Allt með það að markmiði að tryggja öryggi starfsfólks og gesta.

Bláa lónið hefur verið lokað í um fjóra mánuði á árinu og ekki hefur verið opnað nema talið sé fullvíst að hægt sé að tryggja öryggi allra á svæðinu. Öflugt net gasmæla hefur verið sett upp, bæði utan- og innandyra, starfsfólk ber gasmæla og sífelld vöktun er á stöðu gasmengunar á meðan á gosi stendur. Þá vaktar Bláa lónið gasdreifingarspá og gasmælingar Veðurstofunnar en er auk þess í samstarfi við sérfræðinga sem gera ítarlega gasdreifingarspá fyrir starfsstöðvar félagsins í Svartsengi.

Neyðaráætlanir, rýmingaráætlanir og áhættumat eru í sífelldri endurskoðun ásamt rýmingarkortum og fræðslu um ástandið. Vikulegir fundir eru allt árið með sérfræðingum Veðurstofu Íslands og eru þeir haldnir oftari ef þörf krefur í aðdraganda jarðelds og á meðan þeim stendur.

En öryggismál Bláa Lónsins snúast ekki einvörðungu um jarðhræringar og viðbragð við þeim. Þau snúast fyrst og fremst um



að tryggja öryggi og vellíðan allra gesta og starfsfólks. Lögð er áhersla á að hafa áætlanir og viðbrögð við ýmsum aðstæðum sem geta komið upp í einstöku en jafnt krefjandi umhverfi rekstursins í Svartsengi. Hraunið í kringum svæðið, jarðsjórinn og veðuraðstæður geta skapað sérstakar áskoranir, en með fyrirbyggjandi stýringum er tekist vel á við þær. Gestir koma oft í lónið eftir langt ferðalag og því er kappkostað við að tryggja að þeir upplífi öryggi og vellíðan frá fyrstu stundu.

Með fjölbreyttri starfsemi, þar á meðal baðstaði í náttúrunni, veitingastaði og hóteli, er lögð áhersla á að lágmarka áhættur í störfum starfsfólks með virkum stýringum. Með þessu er tryggt að allir geti notið dvalarinnar í Bláa Lóninu á öruggan og ánægjulegan hátt.

Aðrar starfstöðvar samstæðunnar eru einnig undir eftirliti öryggisdeildar og gert hefur verið áhættumat á rekstri þar. Eins eru neyðaráætlanir, rýmingaráætlanir og öryggisvöktun til staðar. Reksturinn í Kerl-

ingarfjöllum boðar nýjar sértækar áhættur sem öryggisdeild Bláa lónsins metur sífellt og endurskoðar reglubundið.

Alltaf á vaktinni

Öryggisvöktun Bláa lónsins er við störf 24 tíma á sólarhring allan ársins hring, hvort sem opið er í Svartsengi eða ekki. Öryggisverðir sinna fjölbreyttum störfum, hvort sem er við gæslu húsnæðis eða ýmiskonar viðhald, en aðaláhersla þeirra er ætíð á öryggi starfsfólks og gesta. Öryggisverðir sinna fyrstu hjálp við bæði gesti og starfsfólk, sjá um öryggisvörur og sjúkrabúnað og tryggja öruggt umhverfi, svo fátt eitt sé talið.

Öryggismál okkar eru forgangsmál. Við stýrum áhættum og eflum forvarnir í öllu okkar starfi.

Samstarf og samstaða

Bláa Lónið sinnir fjölbreyttum verkefnum sem efla heilsu og vellíðan.

Meðferðir

Bláa Lónið hefur boðið upp á einstaklingsmiðaða psoriasismeðferð sem er viðurkennd af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum síðan 1994. Fer hún fram í Lækningalind Bláa Lónsins í Svartsengi og byggir á einstakri virkni jarðsjávarins. Meðferðin er náttúruleg og er jarðsjórinn nýttur með sjálfbærum hætti með það að markmiði að bæta lífsgæði psoriasissjúklinga. Klínískar rannsóknir hafa sýnt fram á að böðun í steinefnaríkum jarðsjónum sem myndar Bláa Lónið dregur úr einkennum psoriasis, meðal annars með því að draga úr bólgu og bæta áferð húðarinnar.

Meðferðaráætlun er sniðin að þörfum hvers og eins og felur í sér böðun í jarðsjó Bláa Lónsins, UVB-ljósameðferð og notkun Blue Lagoon Skincare húðvara sem eru sérstaklega þróaðar fyrir þurra og viðkvæma húð. Í Lækningalind Bláa Lónsins er lögð áhersla á að bjóða upp á framúrskarandi lækniþjónustu og er meðferðin veitt undir eftirliti húðlæknis og hjúkrunarfræðings. Bláa Lónið veitir íslenskum psoriasissjúklingum meðferðina að kostnaðarlausu og án opinberrar greiðsluþátttöku.

Rannsóknir og þróun

Bláa Lónið hefur frá upphafi lagt áherslu á öflugt rannsóknastarf, sem er grunnurinn að starfsemi fyrirtækisins. Með rannsóknum hefur verið staðfest að jarðsjórinn sem myndar lónið hefur einstakan lækningamátt og efnasamsetning hans og lífríki er einstakt á heimsvísu. Í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins í Svartsengi er unnið að fjölbreyttum rannsóknum og þróunarverkefnum. Má þar nefna rannsóknir á vistkerfi lónsins, áhrifum böðunar í lóninu á psoriasis, lífvirknirannsóknir á innihaldsefnum jarðsjávarins, þróun sjálfbærra framleiðsluaðferða lífvirkra innihaldsefna auk þróunar og klínískra prófana á húðvör-

um fyrir Blue Lagoon Skincare ehf. Samstarf við innlenda og erlenda vísindamenn hefur leitt til yfir 20 ritrýndra vísindagreina og þriggja einkaleyfa.

Framleiðsla á lífvirkum innihaldsefnum fer fram í Rannsókn- og þróunarsetri Bláa Lónsins og eru lykil virku efnin í húðvörum Blue Lagoon Skincare. Kísill og sölt eru unnin með sjálfbærum aðferðum úr jarðsjó Bláa Lónsins sem kemur af yfir 2000 metra dýpi úr borholum á svæðinu. Örpörungar úr Bláa Lóninu eru ræktaðir með umhverfisvænni tækni sem bindur koltvísýring og dregur þannig úr kolefnisspori fyrirtækisins. Lífvirk innihaldsefni Bláa Lónsins eru COSMOS Approved vottuð og framleiðslan fylgir gæðastaðlinum ISO 22716 (GMP). Innihaldsefnin hafa verið skrásett undir eftirfarandi vörumerkjum: BLUE LAGOON SEAWATER, BLUE LAGOON SILICA, BLUE LAGOON MINERAL SALTS, BLUE LAGOON MICROALGAE og BL+ COMPLEX. Sú breyting var gerð á árinu að framleiðslan sem áður tilheyrði Blue Lagoon Skincare ehf. tilheyrir nú Rannsókn- og þróunardeild hjá Bláa Lóninu Ísland ehf.

Auðlindagarður

Bláa Lónið er hluti af Auðlindagarðinum á Suðurnesjum og starfar innan UNESCO Reykjanes Global Geopark. Þannig tilheyrir fyrirtækið víðtæku samstarfi margvíslegra starfseininga á Reykjanesskaganum. Þessu samstarfi er ætlað að efla svæðið sem áfangastað, styðja við sjálfbæra nýtingu auðlinda í sátt við náttúruna og auka um leið við þekkingu, vitund og verndun jarðminja á svæðinu.

Bláa Lónið tekur virkan þátt í fjölbreyttum samstarfsverkefnum sem kynna Ísland sem áfangastað, sérstaklega hvað varðar heilsu og vellíðan. Þar á meðal eru verkefni í sölu- og kynningarmálum, sjálfbærni og umhverfismálum og nýsköpun. Með þátttöku í þessum verkefnum leggur fyrirtækið sín lóð á vogarskálarnar í verðmætasköpun og samkeppnishæfi Íslands á sviði ferðaþjónustu.

Rannsóknir hafa staðfest að jarðsjórinn sem myndar lónið hefur einstakan lækningamátt.



Stuðningur við nærsamfélagið

Bláa Lónið studdi fjárhagslega við vel valin og fjölbreytt öryggis-, heilbrigðis-, íþrótt-, menningar- og umhverfisverkefni.

Jákvæð áhrif á nærsamfélagið

Þrátt fyrir að árið 2024 hafi verið krefjandi þá stóð Bláa Lónið við öll sín markmið um að hafa varanleg og jákvæð áhrif á nærsamfélagið og umhverfið með fjölbreyttum og markvissum aðgerðum.

Líkt og undanfarin ár hélt fyrirtækið áfram að forgangsraða viðskiptum við innlenda birgja og samstarfsaðila, til að styðja við staðbundið efnahagslíf. Að auki studdi Bláa Lónið fjárhagslega við ýmis verkefni á sviðum öryggis-, heilbrigðis-, íþrótt-, menningar- og umhverfismála. Árið 2024 úthlutaði félagið 115 milljónum krónum í styrki til samfélagsins.

Einn af hápunktum ársins var opnun aðstöðu við Reykjanesvita fyrir almenning, í samstarfi við Hollvinasamtök Reykjanesvita, Reykjanesbæ og fleiri aðila.

Annað framtak sem vert er að minnast á var hálendislaupið Kerlingarfjöll ULTRA sem haldið var sumarið 2024. Viðburðir af þessu tagi leiða af sér jákvæð áhrif á þróun í nærsamfélögum á svæðinu.

- Íþróttastarf
- Menning og fræðsla
- Heilsa og vellíðan




Íþróttasamband fatlaðra hlaut styrk til næstu fimm ára.

Bláa Lónið styrkir Forskot, afrekssjóð ungra og efnilegra golfara.

Líkt og síðustu ár styrkti Bláa Lónið Hönnunarmars.

Samfélagsverkefni og styrkir Bláa Lónsins



Bláa Lónið keypti björgunarbíl fyrir Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

Viðburðir á borð við Kerlingarfjöll ULTRA efla nærsamfélagið.



Uppbygging gestastofu í Reykjanesvita heldur áfram.

Eins og fyrri ár styrkir Bláa Lónið Vísindasjóð Krabbameinsfélagsins.






| Efnahagsleg
| áhrif

Efnahagsleg áhrif

Sköpun sameiginlegra verðmæta fyrir hagsmunaaðila.



Rekstur fyrirtækisins gekk mjög vel árið 2024, þótt loka hafi þurft Bláa Lóninu um 20% af árinu vegna jarðskjálfta og sex eld-gosa. Þrátt fyrir þessa truflun á starfsemi er fjárhagsstaða fyrirtækisins sterk.

Bláa Lónið leggur áherslu á að stunda viðskipti sem skapa sameiginleg verðmæti fyrir hagsmunaaðila, sérstaklega fyrir nærsamfélagið. Þessi nálgun hefur marga kosti. Með því að kaupa ferskt hráefni frá nærliggjandi birgjum stuðlar fyrirtækið að auknum rekstri á svæðinu, ásamt því að tryggja gæði vörunnar og aðgengileika hennar. Stytttri flutningsleiðir og minna um-búðamagn draga bæði úr útblæstri gróður-húsalofttegunda og tryggja gæði vörunnar. Með þessu getur Bláa Lónið boðið við-skiptavinum sínum upp á umhverfisvænni hágæðavörur frá nærsamfélaginu, öllum til góða.

Á síðasta ári nam efnahagslegt framlag fyrirtækisins 96% af heildarveltu þess, eða 16,5 milljörðum króna. Af þessari upphæð námu skattgreiðslur um 4,1 milljörðum króna, en sú upphæð var greidd til ríkisins og sveitarfélaga í formi skatta og gjalda.

Vöxtur fyrirtækisins

Áfram var unnið að þróun metnaðarfullra verkefna innan samstæðunnar. 2024 var fyrsta heila rekstrarár nýju aðstöðunnar í Kerlingarfjölum, en þar eru fjölbreyttir gistimöguleikar í boði, ásamt heitum pott-um og ýmiss konar affreyningu. Reksturinn gengur samkvæmt áætlun og bókanir lofa góðu.


Undirbúningsvinna fyrir byggingu hótels, baða og upplýsingamiðstöðvar í Þjórsárdal stendur nú yfir. Undirbúningi var nánast lokið árið 2024 og framkvæmdir hefjast af fullum krafti árið 2025.

Samþætting nýjustu fyrirtækja hópsins, Hrauneyja ehf. og Ferðaþjónustunnar Hof-fell ehf., gengur samkvæmt áætlun.

Yfirfarinn samstæðureikning Bláa Lónsins fyrir árið 2024 má finna [hér](#).

Með kaupum á fersku hráefni frá nærliggjandi birgjum stuðlar félagið að auknum rekstri á svæðinu.

Efnahagsleg áhrif



- 4% efnahagslegur ávinningur
- 96% efnahagslegt framlag
- 37% til birgja og verktaka í formi rekstrarkostnaðar
- 34% til mannauðs í formi nettó launa starfsfólks
- 24% til ríkisins
- 20% launatengd gjöld
- 2% greiddur vsk.
- 1% fasteignagjöld
- 1% tollgreiðslur
- 0% tekjuskattur
- 1% samfélagsstyrkir
- 0% til hluthafa

Velta

€115.072.553

EBITDA

€9.576.347

Afkoma eftir skatta

€7.559.167


Eigið fé

€214.171.309

Handbært fé


€17.825.104

Eigið fé




*Endurgerður rekstrarreikningur vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Innleiðingardagur var 1.1.2022. Sjá skýringu 22 í ársreikningi samstæðunnar 2023.

EBITDA



Skattspor




Sjálfbærni í innkaupum

Bláa Lónið stuðlar að ábyrgum viðskiptaháttum og vistvænum viðskiptasamböndum í nærsamfélaginu.

Bláa Lónið hvetur til ábyrgra viðskiptahátta og innkaupa á vörum og þjónustu. Við val á birgjum og verktökum er lögð áhersla á hagkvæm og umhverfisvæn viðskiptatengsl við nærsamfélög fyrirtækisins. Fyrirtækið hefur þróað stefnu sem leggur áherslu á sjálfbærni í innkaupum og hefur komið á ferlum til að tryggja að henni sé fylgt eftir. Hópur innkaupastjóra kemur reglulega saman til að fara yfir stefnu, reglur og ferla fyrirtækisins við innkaup.

Staðsetning helstu birgja og verktaka á Íslandi árið 2024:



Hópurinn framkvæmir einnig árlegt mat á birgjum og verktökum með eftirfarandi þætti í huga:

- Mikilvægi fyrir starfsemi
- Tíðni og alvarleiki frávika
- Kostnaður
- Gæði vöru / þjónustu
- Afhendingartími
- Heilsu- og öryggismál
- Umhverfi
- Vörumerki / ímynd

Birgjum og verktökum er gefin einkunn eftir matið sem ákvarðar hvort viðskiptum við þann aðila verði haldið áfram. Ef einkunnin úr matinu er lág er leitast við að bæta úr því í samráði við viðkomandi aðila.

Jákvæð áhrif rekstrar Bláa Lónsins eru mikil, hvort sem horft er til samfélagsins í heild eða staðbundinna samfélaga. Til dæmis keypti Bláa Lónið vörur og þjónustu frá birgjum og verktökum fyrir 6,4 milljarða króna á árinu. Meirihluti þessara viðskipta var við íslenska birgja og verktaka, en það kemur íslensku hagkerfi til góða. Flest viðskiptin voru við birgja og verktaka innan 80 km frá höfuðstöðvum Bláa Lónsins í Urriðaholti í Garðabæ.

Markmið ársins 2024 var að tryggja að meira en 80% innkaupa færu fram í nánasta nágrenni, eða innan 80 km frá staðsetningu fyrirtækisins. Þetta markmið náðist árið 2024. Ferlið verður endurskoðað árið 2025 með tilliti til þess hvaða staðbundnu samfélög henta hverri rekstrareiningu.

Fyrirtækið leggur ríka áherslu á að auka innkaup innanlands, sérstaklega innan 80 km frá allri starfsemi. Með þessu tryggir Bláa Lónið að staðbundin samfélög njóti góðs af áframhaldandi vexti fyrirtækisins og eykur áreiðanleika í aðfangakeðjum og sérfræðipækkingu í þjónustu fyrir framtíðina. Með tilkomu nýrra rekstrareininga er verið að meta og bæta innkaup í þessum hlutaðeigandi samfélögum.



| Sjálfbærni-
yfirlýsingar

Almennar upplýsingar



Um þessa skýrslu
Ársskýrslan hefur verið undirbúin og stöðugt betrubætt í samræmi við þá forgangsröðun sem Global Reporting Initiative (GRI) setur fram. Í meira en áratug hefur Bláa Lónið gefið út ársskýrslu fyrirtækisins sem nær bæði yfir fjárhagslegar upplýsingar og aðrar ófjárhagslegar upplýsingar.

Síðustu ár hefur ársskýrslan gengist undir enn frekari betrubætur og er nú gerð í samræmi við kröfur ESRS og kröfur staðla Global Reporting Initiative (GRI Standards), með sérstakri áherslu á samfélagsábyrgð fyrirtækja.

Kröfur GRI

Síðasta skýrsla gefin út	2025 fyrir árið 2024
Skýrslutímabil	Janúar 2024 – desember 2024
Tíðni útgáfu	Árlega
GRI staðlar	Sjá viðmið GRI
Útgáfa	Apríl 2025

Þessi skýrsla er unnin með því að beita eftirfarandi meginreglum: nákvæmni, jafnvægi, skýrleika, samanburðargrundvelli, heilleika, sjálfbærnisamhengi, tímanleika og sannpröfun. Þessi yfirlipsmikla skýrsla fylgir almanaksárinu 2024 (jan.-des.) og er lögð fram samhliða ársreikningum Bláa Lónsins og dótturfélaga þess.

Viðbótarupplýsingar um skýrsluna og innihald hennar má nálgast með því að senda póst á netfangið: sustainability@bluelagoon.is.

EFRAG atvinnuvegaflokkun

Atvinnuvegir	Flokkar	Sjálfbærniatriði
